

Goprun dimmla skrair  
mal litlu kjaftforu volvu

# Óðsmál in fornu

ISBN 978-9935-409-40-9

40. ISBN 978-9935-409-39-3

## नष्टो मोहाः स्मृतिर्लब्धा

nasto mohaah ísmritir labdhaa

### ósvinnan horfin Mimir endurheimtur

Göia goði, Óðsmál,

<http://www.mmedia.is/odsmal>


[frejukettir@mmedia.is](mailto:frejukettir@mmedia.is); [odsmal@mmedia.is](mailto:odsmal@mmedia.is)



Norræn menning

\*\*\*\*\*

+354 694 1264; +354 552 8080



© Global Country

## नष्टो मोहाः स्मृतिर्लब्धा

nasto móhaah ísmritir labdhaa

Bhagavat gita XVIII v.73

hef fyrirgert ósvinnunni og blindunni

hefi öðlazt minni á hvað ég í raun er

*-Mjök fýsir mik að vita og skilja,  
marghyllti almáttki ás,  
hver vandi fylgir vegsemd þeirri  
að vera og lifa sem maður*

*hvernig einstaklingur hvern ok einn  
sinn Ægi skilur og leitar,  
hvaða hlutverki kroppurinn háþróaður  
í hvunn dagslífi gegnir mannsins*

-líkt og fljótið leitar í ægi  
loks ljúfa finnur þar kyrrð  
einnig maður síns Ægis leitar  
sem æðstur er tilgangur lífs

lítills annars þarf að leita,  
litfriða mennska dís,  
allt annað mun náttúran gefa glöð  
allt sem hver maður þarf

menn vasast í mörgu í verslu hér  
með veskið fullt af aur  
valtastur vina eyririnn er  
veit það víst margur og sér

en blessuð börnin þurfa mat  
bröltir því margur í vinnu  
góð ábyrgðartilfinning foreldris  
æ góðra gjalda er verð

en gætið að: innra eru Glæðheimar  
guðleg einkaeign  
létt er manni að lifa þar  
langt sitt og góða skeið

kennið börnunum knáum að lifa  
knegandi æðstu iðju  
galdra góða og gæfuspor  
gef þeim í vöggugjöf

leita þau lítilla gleðigjafa

leita oft út um allt  
því enginn sagði enginn kenndi  
hvar eindin sem leitað er er

að opna upp eigin sína vitund  
allra möguleika svið  
snjallt markmið, sjáið mannskroppinn:  
Sleipnir er fundinn hér

svinnur þekkingin samsviðið  
sitt markmið sjá' gumna hverr  
hæg eru heimatökin nú  
heimarnir vænta þín

auðvitað hamast Gunnarnir þrír  
og Urður Verðandi Skuld  
en vor búkur sem og hún versla er  
vandræði vesen og fjör

seggir þrá sigur völd og auð  
svo eru oft mannanna líf  
en á endandum aldrei fá þeir nóg  
á önnur þá leita mið

þróast og þróast skyl' gumna hverr  
til þessa er æviskeið  
at Ægis Eldir og Fimafengr  
eiga allt falt sem maðurinn þarf

kominn heim karl þá loksins er  
kátur að vanda og sæll  
þetta var þá allan tímann  
það sem ég vildi ná!!

*-Gerir hinn almáttki ás svona barnalega romsupulu til að koma æðsta og eina markmiði mannlífs til skila?*

-Gaman er að einlægum barnaskap, litla völvu.  
Þú byrjaðir með stuðla og höfuðstaf (sem betur fer ekki endarím!!).  
Gaman er að því sem kemur úr iðrum hugans skjálfkrafa.  
Gott er að vera alltaf barn, litla litfríða íóilfríða völvu,  
því barnið er tært og saklaust,  
segir það sem því dettur í hug,

hugsar frjálst.

Hinn altæri hugsar ekki með mannlegum heila sínum  
heldur hlustar og segir það sem hann heyrir,

(sjá Huginn Muninn 30., 7.vitundarstig, eind)

horfir og orðar það sem hann sér.

Saklaus einsog óflekkað barn.

Að vísu á dýrmæti líkama barnanna eftir að ná fullum þroska  
og vanda þarf til alls í bernsku því lengi býr að fyrstu gerð.

Barnið ætti ekki að verða fyrir streituáreiti

því það hamlar þroska heilans þess.

Madhucchandas heyrði og sá og sagði frá,

sá allt koma úr eilífð í punkt, og aftur úr punkti í óendanleikann,

hvað eina leiðir til næsta,

sköpunin er hverful,

orð sér af orði orðs leitaði, raunar sá og heyrði án mannglegrar hugsunar.

Vedanna vísindi eru fullkomin vísindi,

heildarvísindi,

um upprunann og sköpun og hvernig eindin hverfist innan sjálfrar sín.

Veiztu: jafnvel getur skemmt fyrir manninum að fullorðnast

því alls konar gruggur safnast upp við að hugsa of mikið sem fullorðinn

og ábyrgur veraldlega sinnaður maður.

Stundum er nefnilega ábyrgð misskilið hugtak.

Verður þreytandi slettirekuskapur og nöldur um lítilsiglda hluti,

skítkast,

leirdrulluáflog,

en þessari blindugremi veldur gruggur og stess sem safnast hefur upp.

Sá sem á frið innan sjálfs sín

eyðir ekki tíma í rifrildi.

Þegar maður hættir að vera kjaftfor, litla litfrið,

sem afleiðing tærleika og æðra vitundarstigs,

hættir að reka hornin í allt og alla,

þegar maður verður Auðumbla hin kollótta kýr allsnægtanna,

gefur

og lifir Glæðheima Óðins með vöku og svefni

þá

og fyrst þá verður maður tær og flekklaus

einsog saklaust barn.

Aðeins þannig er hægt að lifa gleði og vídd Glæðheima snurðulaust.

Þá er maður einherji í Valhöllu.

tedjasvi naavathiitamastu (naau adhiitam astu) maa vidvisaavahai

तेजस्वि नावधीतमस्तु। मा विद्विषावहै ॥

Við skulum geisla af sannleika, ljósi lífsins,  
ekki leggjast svo lágt að velta okkur uppúr neikvæðni  
því maður tekur á sig Skuldu annarra með því að hugsa um slíkt.

Betra ráð en að reyna að redda á yfirborði lífsins  
er  
að vinna útfrá tívatúni, Glaðheimum, ginnungagapi  
hvar enginn tvískinnungur fyrir finnst  
aðeins hin vökula kyrrð sem öllu stjórnar.

Menn þurfa að vakna upp frá því sem þeir nú kalla vöku,

því það að vera vakandi er að vera altær, sjá og heyra,  
einsog Heimdallur.

Vaka í gruggi er opin augu sem ekki sjá.

Bhagavad gíta II 69

य निशा सर्वभूतानां तस्यां जागर्ति संयमी

यस्यां जाग्रति भूतानि सा हिशा पश्यनो मुहेः

vaka hinna óuppljómuðu er einsog væri niðdimm nótt  
eða þannig sér hinn uppljómaði það,  
en það sem óuppljómaðir kalla nótt,  
er hinum uppljómaða Munin bjartur dagur (30.)  
því hann sér.

*Gítan er vasaútgáfa af allri þekkingunni,  
og venjulegur maður getur, með góðri leiðsögn og skýringum,  
skilið sem þar er.  
Þess vegna er vitnað í gítuna hér íðla.*

*Það sem við höfum nú lært er:  
Við náum kyrrðinni sem hefur öll völd.  
Kyrrðin mikla er valderir, ráðandi, valderir éls foldar.*

*Leitin að þekkingunni byrjar innan mannsins,  
og það sem finnst er innan okkar,  
þegar við hverfumst inn í ginnungagap -- okkur sjálf.  
Að sjá að allt er í raun að skilja ginnungagap,  
þar er þekkingin.*

*sjá 30.skræðu um 7. vitundarstigið,  
um að tívar muna lögmál náttúrunnar.  
Þar sem Mímir er þar er hljóð Heimdallar fólgið.*

*shrúti smriti श्रुति स्मृति*

*Allir geta náð æðstu vitundarastígum.  
Nú er tæknin föl.  
Það eina sem við þurfum að læra að gera er að gera sem minnst,  
læra að gera ekkert,  
ekki einu sinni bíða vona vænta!!  
Mantrað byrji rétt (þarf að lærast rétt),  
og tæknina þarf að læra að nota rétt,  
allt kemur svo af sjálfu sér, fyrirhafnarlaust, náttúrulega, eðlilega.  
Náttúrulögmál stjórnar ferð hugans heim  
stjórna þessu einsog öðru.  
Öll íhlutun í ferlið af okkar hálfu er til vandræða.*

-Sá sem flæktur er í efnisheiminum í skemmtanirnar og völdin,  
sér ekki sjálfan sig,  
er í fjötrum eigin ósvinnu

prashakta प्रसक्त, „hangir“ í efnisheiminum, „hengir sig“ við hið skapaða.  
Hann telur sig sjá  
en veit ekki að hann er ekki sjáandi.

Vitund er ætíð vakandi,  
vökul kyrrð.

Ef hún sofnar fer allur heimurinn í klessu.

Við erum í vitund  
og við erum hún.  
Sívökul, orkumikil kyrrð, Iðavellir, hvar allur kraftur býr.

Við erum í okkur sjálfum,  
en vitund er okkar eiginlega „ég”.

Vitund veit af sjálfri sér -- sem Óðinn Vili Vei.  
Fund og lögmál náttúrunnar hvísla að sjálfum sér. Guðarúnir.

Vaknið úr veraldlegri vöku.

Guðin eru í myrkri frá hinum ósvinna manni séð,  
og ósvinni maðurinn, aftur á móti, veður í myrkri frá guðunum séður.

Far því að finna oft,  
endilega skreppa sem oftast í Ásgarð,  
ég gefinn sjálfum mér, gefinn Óðni,  
því hávu grasi vex og hrísi vegur sem ekki er troðinn  
en leiðin er greið ef troðin er iðla.

Sleipnir verður þjállí og þjállí,  
álfar eiga greiða leið um Álfheima Freys innan mannsins.

Tilgangur lífsins er meiri og meiri gleði, víðari og víðari gleði,  
hið gleiðasta. Glæðheimar.  
Það er mannlíf í Valhöllu.

Iðkun samsviðstækninnar er flug í himin vitundar,  
sem Huginn og Muninn í himni vitundar,  
vitund er ginnungagap  
og allir menn eru það.

Þegar uppljómaður maður deyr er það að fara í maha-samadhi,  
en hann hefur lifað í samadhi, svo þetta er auðveld breyting.

Einherjinn er í raun alheimsvitund, hans hugur er alheimshugur,  
þótt aðrir líti á hann sem einstakling á jörðu gangandi.  
Við getum því ekki talað um dauða,  
aðeins að líkaminn er ekki lengur í notkun.  
Aðrir menn hætta að sjá einherjann sem einstakling í líkama  
en hann er vitund eftir sem áður.

Maður sem stundar TM á einnig auðvelt með að deyja.  
Hann skreppur heim á hverjum degi lífs sín,  
svo auðvelt er að skreppa heim til Heljar í smá lífspásu milli æva;  
dhyana, deyja, dá, en dhyana er að hnýsast niður,  
þannig er vitund í vitund. Ég gefinn Óðni, sjálfum mér.  
Einherji lifir tæra vitund í vöku, draumsvefni og djúpsvefni.  
Svona líf auðveldar manni að skilja við þegar þar að kemur.

Maður er orðinn svo vanur þessu skreppi sínu.

Iðkun samsviðstækninnar er leið til æðstu gleði  
og eina leiðin til að hætta að elta litlu hverfulu gleðigjafana í verslu  
svona óskaplega upptekinn af þeim.

Gleði Glaðheima yfirgnæfir gersamlega litlu gleðigjafa verslu okkar.

Móðir náttúra, sem Auðumbla Freys, færir allt sem þarf til lífsins.

Sóizt, hnýsigt, fórnigt, neytið epla Iðunnar.

Maðurinn sér hvílikur fjársjóður Sólar sælu (aananda) hann sjálfur er í  
raun.

## आनन्द

Endilega, allir, lifið ykkar innsta raunveruleika, aananda, sælu,  
grundvallarraunveruleikann,  
sem er hið ósigrandi  
hið ódauðlega  
Þannig líf er hið eina sem borið getur nafnið mannlíf, manns líf.

Í tærri vitund -- tívatúni, sjöt allra náttúrulgömálanna --  
er líf manns í samræmi við samhljóm alheims  
og hver gjörð hans og hugsun er kraftmikil sköpun  
í Þundarflæði með þróun.  
Engin mistök geta átt sér stað.

Ginnungagap hið ginnhelga er stjórnandi alls lífs,  
alls hljómandi verksins,  
Ymis og Þundar.

Hver einasti maður getur orðið ósigrandi  
lært ljóðin góðu og 9 galdra  
hver einasta þjóð getur orðið ósigrandi.  
Til þess er þekkingin mikla sem við eigum öll.

Maðurinn fæðist til að njóta alls hins bezta.  
Hann er guðleg vera.

Týr í okkur er miklu meiri en afl Fenris  
þannig að þjáning og ósvinna munu eiga mjög erfitt uppdráttar  
einkum meðal þeirra manna sem sóast iðla.  
Þeirra er Gleipnir.



Sæla Sólar mun stjórna heiminum okkar;  
rís í ósýnilegum öldum um víða veröld  
og þaðar allt í innra ljósi.

Þessu geta mennirnir komið til leiðar.  
Mennirnir eru Sólar sæla.  
Þekkingin er fyrir hendi hér og nú.

Ápreifanleg vísindi, heildstæð vísindi. Æðstu vísindi.

Samsviðið uppihaldur Þundarflæði alls lífs á jörðu,  
lífandi náttúrunni sem er sífelldur Gungnir.  
Lögmál náttúrunnar búa í tívasjötum  
sem er samsvið þeirra

en það sem við sjáum eru öldur á hafsjó tilverunnar,  
dætur Ránar miklu, gyðju samræmis og reglu.

Því innar sem við förum í eigin vitund  
þeim mun betur sjáum við hve allt er vökulir lífandi vitsmunir,  
hve allt er Gungnir.  
Allt skapað er kvarkar, hverfult sjónarspil.

Mannshugurinn sekkur sjálfkrafa í Ægi,  
eins sjálfkrafa og steinn sekkur.  
En mannshugurinn kemur aftur upp á yfirborðið  
eftir veizluna miklu at Ægis  
sem er  
hið einfaldasta ásigkomulag meðvitundar manns  
er svið allra möguleika.  
Vísindin líta á þetta sem svið eða heim, hvar allir sköpunarmöguleikar  
búa,  
úr hverju öll sköpun er komin.

Regla, Rán Ægis, er í náttúrunni,  
og í huga manns,  
og hann hefur hæfileika til að skipuleggja, skapa reglu.  
Regla, rögn regin rán, er grundvallarregla í þekkingunni.

Þekkingin býr innan vitundarinnar  
og menn eru vitundin.

Samsviðstæknin, TM, hlítir reglu  
því einsog steinninn sekkur, sekkur hugur eðlilega í gapið.

Maharishi bendir á eðlisfræðiregluna um hverja þá frumeind (atóm) sem kyrrð er í grunnsvið sitt.

Sömu reglur, sama reglan, gildir jafnt í öðru í efnisheimi sem kyrrt er í grunnsvið sitt  
gildi einnig um mannshuga -- sem er efnisheims.

Alkyrrð hugsun er tær vitund.

Þetta er hið eðlilegasta ásigkomulag okkar, svo kyrrð hugann.

Við sjáum reglu alls staðar í náttúrunni.

Alls staðar er það reglan að gera allt tært, hreinsa allt.

Einnig er reglan að  
alltaf nær náttúran mestum árangri með minnstu mögulegri fyrirhöfn.

Hví skyldu ósvinnir menn enn halda að þeir geti bætt um betur?

Þeir reka sig á, því raunin er önnur:

Þeir klúðra hinu fullkomna flæði í skammsýni

stríða gegn aðferðum náttúrunnar sjálfrar

hinnar ámattku mjök sem hefur óendanlegan kraft að baki sér.

Maðurinn getur stjórnað allri sköpunargleði heims týrétt,  
en til þess þarf hann að vera altær.

Stjórnstöðin er tívatún.

Mannsins innsta eðli er að vera slíkt tývaskt ofurmenni.

Sá sem er fastur í afmörkuðu þínulitlu lífi

veit ekki enn hvað heildin mikla er.

Hefur ekki enn fundið sína Sólarsælu.

Fáum **Óðreri og Þjóðreri** til að hrista upp í mönnunum.

Allt hefur tilhneigingu til að vaxa og vel hafast,  
það er gullin regla.

Maðurinn nemur frævast og fróður vera.

Maðurinn finnur auðveldlega rúnar og ráðna stinna stafi  
er fáði fimbulþulur og gerðu ginnregin og reist Hroptur rögn.

Þetta er svið raunverunnar,

hugur sem er ekki staðsettur í tíma né í rúmi,  
hangandi allar nætu 9 (enginn tími, ekkert rúm)

hugur er hér hæfur til að skynja og skilja.

Þegar mannleg hugsun, í fingerðasta ásigkomulagi, sekkur í þetta svið,

byrjar rúmið að breytast.

Þarna er Freyja sem bullandi sköpunarfroða, (space-time foam),  
þarna eru ormagöng (worm-holes) Óðins inn í Hnitbjörg Gunnlaðar  
sem mjöðinn dýra geymir.

Hér virkar ekki fyrirbærið orsök og afleiðing, (Einsteins causality)  
svo allt er hér og nú,  
allir mögurleikar fyrir hendi við sköpun.

Fram í tímann, aftur í tímann,  
en allt er hér týrétt, og engin möguleiki er á skyssum!!

Þetta er hið fullkomna.  
Þetta er mjöðurinn dýri.

Hér er allt svo fingert, fingerðara en hið fingerðasta,  
að ekkert fær stöðvað, engin mótstaða myndast.  
Hér er ið óskapaða.  
Óendanleiki, eilífð, er alls staðar í senn, er náttúrulögmálin.

Orka og kyrrð saman, vinna saman án þess að rýra hver aðra,  
„spírar“ einsog maður sér fyrir sér fræ, innan sjálfrar sín,  
er stjórnarskrá alheims (38.).  
Ósköpuð orka sköpunar.  
Vedavísindi.

Maðurinn getur verið vökull á þessu sviði.

Þetta eru hin einu sönnu nútímavísindi.  
Vísindi vitundar.  
Vedavísindi sem allir vísindamenn nútímans tileinka sér.

Allar aðrar rannsóknaraðferðir eru á góðri leið með að verða gömlu  
vísindin og gömlu vísindaaðferðirnar: rannsóknir í efnisheimi,  
úrelt frumstæð aðferð þeirra sem ekki vissu betur um vitund.  
Ágætar með og í bland, en einar og sér rísa þær ekki undir nafni.

Einfalt er nú að skilja samræmið í skammtafyrirbærum,  
en samræmi er þeirra gæðastimpill.  
Það útskýrir ýmislegt sem við sjáum í náttúrunni okkar.

Hin endalaus kyrrð og óendanlegur krafturinn  
sem vinna saman  
innan eindar  
eru uppruni allrar sköpunar,  
eru hvatinn að stjórnarskrá alheims í alheimsvitundinni.  
Orkuhlaðin eindin vinnur innan sjálfrar sín,

ósýnilega,  
rétt einsog fræið verður að tré án sýnilegs trés inni í því.

Vísindi og tækni úr vedum  
kennir nútímavísindamönnum vísindi vitundar.

Tær þekking,  
fullkomin,  
enn óskapaður krafturinn verður sköpunarverkið.

Orð vedu eru laufblöðin sem vaxa á aski Yggdrasils.  
Ekki límd á af einhverjum manni,  
heldur sjálfsprottin orðuð þekking. Shrúti, hljóð Heimdallar.

Veda er kraftur þekkingar, dñjan-shakti **ज्ञान शक्ति**  
flæði vitundar, vín Valföðurs,  
útfrá því sviði getur maðurinn stjórnað.  
Þjóðhöfðingjar verða að vera uppljómaðir til að geta stjórnað landi og þjóð  
snurðulaust í Þundarflæði.

Flæðið verður að gjörðum grundvölluðum í eindinni,

kriya shakti **क्रिया शक्ति**,

Bezt er að þjóðin sér uppljómuð, því þá fremja ráðamenn engin rangindi.

Hnýsast niður, dhyaana,  
komast í samaadhi  
(með TM-tækninni sem virkar þannig)  
vinna útfrá ginnungagapi  
(sem aðeins er hægt með tækni sem virkar).

Sýndarmennska og látalæti á yfirborðinu virka ekki vel, og eru frek á  
orku í heimi.

Ætlun hins uppljómaða verður að veruleika með hugsun og ætlun einni  
saman.

Náttúran sér fyrir einherjum, sem þurfa ekki einu sinnig langanir,  
því það sem þeir þurfa kemur til þeirra.

Á sviði hins óskapaða er tæknin fingerð, mjög mjög fingerð.

Eitthvað sem er minna en hið minnsta er hér að verki.

Þetta eitthvað er svo þínutíulítið

að það getur verið alls staðar í senn.

Guðin ein skilja, því þau eru forsetar náttúrulögmálanna,

sem vinna með ægikrafti á svo fingerðu „einhverju“  
að það, þetta eitthvað, er handan rúms, handan takmarka.

## **yogaflug**

Taugakerfi mannsins er svo háþróað að það getur unnið út frá tívatúni.

Yogaflug sannar einfaldlega hæfileika taugakerfisins til þessa.

Vísindi nútímans útskýra að mannleg vitund, einstaklingsvitund manns,  
er vakandi á sviði allra möguleika.

Ekki er þetta á sviði tilfinninga, ekki er þetta heimspeki,  
nei,  
þetta eru raunvísindi.  
Sköpun með hugsun og löngun einni saman.

Með TM-sidhi tækninni ýfist svið devanna,  
ýfist og ertist hér skapandi svið vitsmuna eindarinnar,  
á þeirra eigin sviði,  
sem er stjórnborð alheimsins okkar.  
Náttúrulögmálin í eind.

Fyrirbærið fljúgandi yogar sannar að unnið er út frá sviði dýpra en hinir  
sköpuðu kraftar, langtum innar en aðdráttarafl og þyngdarlögmál.

*The Complete Book of Yogic Flying*  
*Craig Pearson, PhD ISBN 987 0 923569 27 3.*

## **vitundarstig**

(11., 30.)

Hver einstaklingsvitund talar sínu eigin máli, ef svo má að orði komast.  
Hefur sína eigin uppbyggingu (ef þetta var eitthvað skiljanlegra??).

Maður í eind talar mál ginnungagaps.  
(þetta skildist nú ekki heldur, er það??).  
Tal hans er flæði aatma.  
smríti (minni) shruti (heyrta á dýpsta sviði).  
(sjá 30. um 7.vitundarstig, eind)

Einnig hafa vaka, draumsvefn, djúpsvefn sitt eigið „mál“,  
en öll eru hin mismunandi vitundarstig manna auðvitað ginnungagap  
einsog allt annað, því ginnungagap spannar allt.  
Ekkert er utan þess,  
allt er í því.

Þegar börnunum eru kennd vitundarvísindi í skólanum,  
þarf að byrja á að segja þeim frá 4. vitundarstiginu,  
turiya avasthaa eða turiya chetanaa,  
sem er hnýsa niður, dhyaana, skreppa í Ásgarð, ég gefinn sjálfum mér,

því auðvitað þekkja þau nú þegar þau 3:

3ja: vöku djaagrat avasthaa eða djaagrat chetanaa,

2.: draumsvefn swapna avasthaa eða swapna chetanaa,

fyrsta: djúpsvefn, sushupti avasthaa eða sushupti chetanaa, sem er  
bara algjört núll.



4. vitundarstig hvers einasta mannsbarns mælist,  
líkamlega, andlega, greindarlega séð, huglægt séð,  
greinilega öðru vísi en vaka, draumsvefn, djúpsvefn,

greinilega er hvert hinna 7 ólíkt hinum.

Við köllum það mál, að tala ekki sama málið,

því skáldfífla hlutur er talin þekking af þeim sem grófir eru.

Og auðvitað sér maður ekki eigin grófleika fyrir eigin grófleika.

Allur líkaminn og hugurinn eru í kyrrð við að hnýsast niður,  
vera í djúpri kyrrð ginnungagaps,  
og það mælist auðveldlega.

Við enn meiri kyrrð en hið fjórða stig vitundarþroska

er svo hið 5., turiyaatiita avasthaa eða turiyaatiita chetanaa,

það að lifa ginnungagap með þeim þrem veraldlegu vitundarstigunum.

Það er Valhöll,

það er að vera einherji.

Þá er maður Huginn og Muninn í himni vitundar.

Sér að allt hið veraldlega er fagurt

en að maður sjálfur er ekki það.

Veröldin virðist gliðna frá „mér“, eiginlegum raunverulegum mér,

ég horfi á hana, en er ekki hún.

(sjá mynd á næstu bls; hinn raunverulegi „ég“ tekur ekki þátt í ballinu)



Nauðsyn er að skilja þetta með kollinum sínum svo maður fari ekki til næsta gamaldags-nútímalærða geðlæknis -- sem heldur kannski að maður sé að klikkast eða bara að bulla, því hann veit ekki að þetta er hægt.

Hið sjötta vitundarstigið, bhagavat chetanaa, er svo enn meiri kyrrð og enn betri, fullkominn einherji í Valhöllu.

Maður lifir ginnungagap í öllu sem maður gerir.  
Maður er ginnungagap.  
Horfir á allt í veröld gerast en aðskilið frá sér.

Auðvitað hljómar þetta sem klikkun og geðveila í sumra eyrum.

Ég veit um geðlækni sem sagði að Jesú hafi verið þekkt geðveikilífelli, með svona ofurmennskustæla sem konungur og sonur Guðs. Enda allt sem sagt er að hann hafi sagt ekki raunhæft, ekki alveg niðri á jörðinni, einsog sagt er um klikkhausa með skjáborgir.

Allar gjörðir einherjans eru fyrir aðra,  
hugsanir hans handa öðrum,  
líf hans fyrir alla,  
fyrir framþróun,  
eðliega því hann sér alla sem sig.

Einherji (30.) er enn meira sjáandi (18.) Huginn og Muninn (30.).  
(Þetta er um 5. og 6. vitundarstig manna í Valhöllu.)

Vitundarstig ræður för, stjórnar hugsunum og gjörðum:  
Þegar efnisheimurinn er yfirgnæfandi mikið atriði í huga manns  
er hann á lægri vitundarstigunum  
af  
djaagrat, swapna, sushupti, turiiya, turiiyaatiita, bhagavat, braahmii

Hið 7. er braahmii sthiti eða braahmii chetanaa. Eind.

Maður sér alla hluti og alla menn sem eindina,  
maður er hún og allt er hún.  
Uppljómaður maður. Altær.  
Nú skilst það sem sagt er að Jesú hafi sagt. Allir uppljómaðir menn  
hugsa svona.  
Fyrir þeim er þetta svona, því ósvinnan og syrjan er ekki til lengur.

Það er ahimsa, því maður getur ekki meitt,  
það er enginn annar, aðeins ég, allir eru ég, ég er allir.

Rannsóknir sýna að líkamlegt ástand er mælanlegt samsvarandi hverju  
vitundarstiganna fyrir sig.  
Gæði vitsmuna í manninum verða meiri og meiri.

Við erum þessir vitsmunir,  
en gruggur og streita hafa byrgt okkur sýn.  
Að vígja sig tæran með samsviðstækninni er tilgangur jarðlifs.

\*\*\*\*\*

Hér má endurtaka nokkur atriði, því  
þegar eitthvað nýtt er kennt þarf kennarinn stundum að margtyggja  
svolítið ofan í nemendurnar, einkum þá sem eru fullorðnir og hafa fin próf  
í sinni sérgrein og láta sem „þetta sé ekki innan þeirrar sérgreinar“ og  
þar með falli það ekki í kramið hjá þeim. Benda á annan mögulegan  
lysthafanda.

Kannski vegna þess að þeir skilja ekki,  
menntunarskortur eða þröngsýni,  
kannski vegna þess að gamlar kenningar falla, eða falla í skuggann,  
við ferska heildarsýn á öll vísindi sem við þekkjum.

Sumir prófessorar verða foj þegar þeirra ævistarf fellur í skuggann fyrir  
ferskum sannleika og víðsýni sem þeir fóru á mis við á sínum  
frægðarferli.

Iðkun TM-tækninnar, vitund í vitund, er reynzla af ginnungagapi.

Smám saman verðum við næmari.  
Við finnum kyrrð, ginnungagap,  
við finnum kraft, tivatún.  
Mun á hljóði og gapinu.  
Hljóð og orð verða til úr gapinu.

Við finnum, hver og einn á sínu eigin innra sviði, hvað er sköpun,



hvað er kyrrðin sem allt skapast úr.  
Hvað er jákvætt, hvað er neikvætt, hvað verður til, hvað hverfur.

Nýsa niður og falla aftur þaðan er tæknin í upphafi,  
sem leiðir til 4.vitundarstigs manns,  
sóast í kyrrð,  
þá losnar streita, Sleipnir áreitist, heilinn hugsar, falla aftur þaðan,  
nýsa svo niður á ný.....

Reynzlan er mælanleg við að tær vitund ljómar okkar líf.

Tívar, lögmál náttúrunnar, hverra forsetar guðin eru,  
og devata eru í orðum vedu,  
devata breyta orðum vedu í gapinu.

Tívarúnir, leyndarmál devata, deva-ghuya देव गुह्य guðarúnir  
eru í ginnungagapi.

Vitund í vitund er reynzla af ginnungagapi sem allt er úr.

Richo A kshare parame vyoman  
yasmin deva adhi vishwe nisheduh  
yastanna veda kim richa karishyati?  
ya it tad vidus ta ime samasate (sjá 2, 5, 26, 28)

रिचो अ क्षरे परमे व्योमन् यस्मिन्देव अधि विश्वे निशेदुः

यस्तन्न वेद किमृचा करिष्यति ? य इत्तद्विदुस्त इमे समासते

Veda er tal uppljómaðra sem sjá þetta gerast.  
Þeir horfa á, heyra, og segja frá, ekki úr eigin huga heldur úr hinu  
óskapaða.

Allir menn uppljómast fyrr eða síðar.

Uppljómaðir sjá að devata eru þar sem kyrrðin hverfist innan sín sjálfrar  
sem svo veldur flæði, víni Valföður,  
sem er óskapað,  
flæðir héðan í óendanleikann og aftur til baka hingað,  
orð mér af orði orðs leita  
breytist í orð af orði.

Hver stjórnar þessu flæði?

Hlýtur ekki að vera einhver, eitthvað, vitsmunir, hér að verki?

Skapari, gervir, kemur flæðinu af stað, stöðvar það.  
Hvatar, sem viðhalda flæðinu í ákveðinni reglu, rögn, regin, rán,  
eru í raun kraftur í kyrrðinni,  
tívatún, viðheldur flæði sköpunar.

Allt þetta finnur maðurinn innan sín sjálfs.

Þetta eru in æðstu vísindi.  
Ekki heimspekípælingar heldur gallhörð nútímavísindi  
úr vedu inni ævafornu komin til okkar á ný.

Enduruppgötvun nú í upphafi sat-yúga.

Það sem meira er og dýrmætast af öllu er  
að Maharishi kenndi okkur tækni,  
tækni og þekkingu frá guru Dev, heilögum Brahmanand Saraswati,  
Jagatguru Shankaracharya af Jyotir Math,  
og meisturum æðstu þekkingarinnar í gegnum árþúsundin,  
vedavísindi  
vitundarvísindi  
svo hver einasti maður getur notað sitt æviskeið í mannlíkama til að  
finna ginnungagap og tiva í tívatúni, Iðavöllum.

Sá sem ekki þekkir þetta svið tilverunnar  
skilur ekki orðin  
og hvað tjá orðin honum þá?

यस्तन्न वेद किमृचा करिष्यति ?

yastanna veda sá sem þetta ekki veit  
kim richa karisyati???? hvað tjá orðin honum?

य इत्तद्विदुस्त इमे समासते

tí idatviduh sá sem þetta svið þekkir  
ta ime samaasate hann finnur þessa kyrrð, lifir þessa kyrrð.  
Hann skilur orðin.

Tívar eru einnig í veröldinni sem við skynjum með heyrn tilfinningu sjón  
bragði ilman.

Augu, eyru.... eiga sína devata.

Við þurfum að læra að skilja.

Menntun barnanna verður að halda í við vísindin.

Við einblinum á afleiðingar og skiljum ekki grunninn undir öllu.

Menntun skyli koma til skila grundvallareiginleikum sköpunarinnar.

Rík veda er um ginnungagap,  
sama, yadjúr og atharva vedur eru um Óðin Vila Véa.  
Ginnungagap er veröld útaf fyrir sig -- eilíf tilvera  
allt lífið og óendanlegir möguleikar,  
hið óskapaða, grundvöllur undir hið skapaða.

Hljóð vedu eru gungnir samasviðins,  
samsviðsins sem þekkir sjálft sig,  
sem hreyfist innan sjálfs sín,  
vinnur innan sjálfs sín,  
flæði myndast, sem er gungnir.

### **„Innan sjálfs sín“, já, því hér ekkert annað !**

Hljóðin þessi í vedu hafa uppljómaðir sjáandi menn heyrt,  
og vita að þau eru náttúrulögmálin,  
í samsviði allra þeirra,  
sem stjórna þessum alheimi sem þenst út.

Hinir uppljómuðu sjáendur höfðu ekkert í huga,  
aðeins heyrðu og sögðu það.

Þetta er ekki mannleg hugsun, heldur  
hið tærasta ásigkomulag mannlegrar meðvitundar  
sem heyrir og sér almættið.

náttúrulögmálin, stjórnarskrá alheims, eru í ginnungagapi,  
þar býr veda.

Þeir sem ekki skilja af eigin reynzlu  
sjá svona sem yfirlýsingar og hugmyndafræði.

Þeir sem sjá og skilja af eigin raun  
vita og skilja að þetta er raunveran, grundvallaraunveruleikinn,  
vitund, við sjálf, sköpun og skilningur,

gallhörð raunvísindi.

Maharishi hefur sameinað nútímavísindi og hina ævafornu þekkingu  
og þar með sýnt okkur að nútímavísindi eiga nokkuð ólært.

Öll vitundarvísindi er hægt að sanna,  
þau eru raunvísindi.

Þakka þér, Maharishiji, fyrir að vekja mennina úr því sem þeir kölluðu  
vöku,

þakka þér fyrir allt og allt, Maharishi.  
Og:

djaya guru deva    जय गुरु देव  
महर्षि वैदिक विश्व प्रशसनं विजयतेतराम्



Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar. Þekkingin er ægidjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála / „stjórnarskrá alheims”. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvisindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu. Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं.... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-, auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi. Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun. Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamir þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hveirrar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru. Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að

vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rótföstum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnnaðar“ íslenskri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenska menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharmma). परधर्म (paradharmma), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknmál okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað ið hulda Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður“ gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprelllifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtslækjarhljóð Goþrún dimmblá  
Guðrún Kristín Magnúsdóttir

\*\*\*\*\*